

Garðabær,
Garðatorgi 7,
210 Garðabær

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.11.2017
Málalykill	09-30
Mál nr.	1711150

Mosfellsbæ, 13.1.2017
nr. erindis 201710136/ÓM

Efni: Lýsing verkefnis og matslýsing

Hjálagt sendist til kynningar/umsagnar lýsing verkefnis og matslýsing skipulagsáætlunar skv. 30. gr. skipulagslaga fyrir væntanlega breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, Breytingin felst í að afmarka og móta stefnu um nýtt athafnasvæði við Sólheimakot á Hólmsheiði þar sem heimilt verði að byggja upp og þróa græna, orkufreka starfsemi, eins og gagnaver. Svæðið er austan við Hafravatnsveg, skammt frá fangelsinu á Hólmsheiði og er í gildandi Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 skilgreint sem óbyggt svæði og fjarsvæði vatnsverndar. Í nágrenni þess er einnig frístundabyggð og stök frístundahús samkvæmt aðalskipulagi. Með fylgir einnig auglýsing sem birtast mun 18. nóv. nk. þar sem fram koma nánari upplýsingar um verkefnið, enn nánari upplýsingar um verkefnið er síðan að finna í verkáætluninni sjálfri sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Verkáætlunin er einnig send þeim umsagnaraðilum öðrum, sem taldir eru upp í áætluninni á bls. 8.

Virðingarfyllt,
 Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar
Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

Fylgiskjöl:
Auglýsing
Lýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar, dags. nóv. 2017.





Kynning á verkefnislýsingum:

Breytingar á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar verkefnislýsingu skv. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Breyting á landnotkun á Hólmsheiði:


Breytingin felst í að afmarka og móta stefnu um nýtt athafnasvæði við Sólheimakot á Hólmsheiði þar sem heimilt verði að byggja upp og þróa græna, orkufreka starfsemi, eins og gagnaver. Svæðið er austan við Hafravatnsveg, skammt frá fangelsinu á Hólmsheiði og er í gildandi Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 skilgreint sem óbyggt svæði og fjarsvæði vatnsverndar. Í nágrenni þess er einnig frístundabyggð og stök frístundahús samkvæmt aðalskipulagi.

Í verkefnalýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa. Verkefnalýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð verholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuværsins eða til undirritaðs og er æskilegt að þær berist fyrir lok nóvember 2017.

18. nóvember 2017,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurmi@mos.is



Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSGÆKNI • UMHYGGJA